



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 1. Júní 2021 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Arnar Már Pálmarsson (ARM), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Hauksson (HH), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Fylkir Jónsson (FJ),

Fjarverandi: Baldvin Hansson (BH), Einar Gunnlaugsson (EG)

HRR ritaði fundargerð.

1. Fulltrúar AKÍS í Keppnisráðum

Drögin að vinnureglum kynnt fyrir stjórn, stjórnin tók vel í þessi drög og eru sammála að þetta þarf að vinna betur en er í réttri átt. Hugmyndin væri að nefna þetta einhvers konar vinnuviðmið fulltrúa AKÍS í keppnisráðum en ekki vinnureglur. Viðmiðin voru samþykkt.

2. FIA Conference 2021

Samþykkt var að Helga, Arnar og Guðný fari út til Monaco fyrir hönd AKÍS. Helga og Arnar gera kostnaðaráætlun.

3. Búraskoðanir

Full vinna í gangi með þessi mál, rally og rallycross bílar í úttektum þessa dagana

4. Brautarúttektir

Brautarúttektir eru í vinnslu, Helga og Baldvin ætla að klára þetta verkefni sem fyrst.

5. Skýrslur frá keppnum

Skýrslur vantar frá nokkrum keppnum sumarsins, framkvæmdastjóra falið að ýta á eftir formenum nefnda að skila inn skýrslum.

6. 2021 FIA Girls on Track – Rising Stars

Mikill áhugi stjórnar AKÍS fyrir þessum málaflokk, samþykkt að kynna málið fyrir Guðný sem sér um WIM.

7. Önnur mál

- Rally aukið vægi.

Óformleg beiðni barst frá BÍKR um að auka vægi rallkeppni á dagatali 26/6 nk. upp í 1,25, Stjórn AKÍS óskar eftir formlegri beiðni og verður málið tekið fyrir um leið og hún berst svo hægt sé að klára það mál sem fyrst.



- **Mótakerfi**

Ábendingar varðandi mótakerfi AKÍS hafa borist, sem dæmi er ekki hægt að gera breytingu á skráningu er varða aðstoðarökumenn þó að skráningarfrestur sé ekki liðinn. Mótakerfi er enn í þróun og allar ábendingar vel þegnar.

- **Aldur barna.**

Ríkislögreglustjóri er með það mál í vinnslu.

- **Myndayfirlýsing**

Arnar Már er búinn að ganga frá því að hægt verður að útskrifa myndatökumenn með rafrænni undirskrift og öll skjöl enda á einum stað.

- **Tryggingamál**

Vinnuhópur skipaður af stjórn, Aron Steinn, Halldór og Arnar taka saman punkta og ræða svo við lögfræðinginn sem er í þessum málaflokk með AKÍS.

Næsti fundur 15.júní kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21:00